# *Nr. 067 / 13 Gvendur á Eyrinni HU 15*

## *Vélarvana og dreginn til hafnar*

*Skipaskr.nr.* 6170
*Smíðaður:* Kópavogur 1980, plast
*Stærð:* 3,28 brl. 4,11 bt.
*Mesta lengd:* 7,89 m *Skráð lengd:* 7,82 m
*Breidd:* 2,17 m *Dýpt:* 1,02 m
*Vél:* Bukh 26 kW, 1980
*Fjöldi skipverja:* 1

***Gögn:***
*Gögn RNS*




Gvendur á Eyrinni©Fiskifréttir

*Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í opinberu máli.*

### *Atvikalýsing:*

Þann 23. maí 2013 var Gvendur á Eyrinni HU 15 á strandveiðum á NA miðum. Veður: A 10-12 m/s. *(Sauðanes)*

Þegar báturinn var um eina sml. vestur af Hellubоða á Siglunesi varð hann vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Það var Dagur SI 3 sem dró bátinn til Siglufjarðar.

### *Við rannsókn kom fram:*

- að um olíustíflu í síum var að ræða vegna óhreininda í olíu;
- að skipstjórinn hafði tekið olíu á Svalbarðseyri og fram kom hjá honum að birgðatankur þjónustuaðila hefði ekki verið í lagi og hann fengið óhreina olíu;
- að vara olíusíur voru um borð en ekki var talið ráðlegt að skipta um þær vegna veðurs og reks;
- að akkeri voru til taks um borð.

### *Nefndarálit:*

Nefndin ályktar ekki í málinu.